

hins skipaða málfutningsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi landritara Hannesar Hafsteins, 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 10. októbermánaðar.

Nr. 32/1892:

Rjettvísín

gegn

Sigurði Bjarnasyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Árnessýslu, gengnum 2. júní-mán. p. á., var hinn ákærði, Sigurður Bjarnason, dæmdur fyrir þjófnað framinn í 1. sinn til fangelsishegningar við vatn og brauð í 5 daga og til að greiða allan af sökinni og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans, Guðmundar hreppstjóra Ísleifssonar, 4 krónur.

Þessum dómi er að beiðni hins ákærða áfrýjað til landsyfirdómsins.

Að því formhlið málsins snertir, skal það tekið fram, að þá er málið fyrst var tekið fyrir, var það fyrir lögreglurjetti, í stað þess að það átti að vera fyrir aukarjetti, en með því farið hefur verið með málið að öllu öðru leyti sem sakamál, getur það ekki haft ónýting málsins í för með sjer. Í annan stað er þess að geta, að hjeradsdómaranum ekki er stefnt í áfrýjunarstefnunni, eins og vera bar, en þar sem hann í stefnunni — áður en hann ritaði undir hana — hefur lýst því yfir, að hann sem undirdómari láti sjer nægja þessa

stefnu, virðist ekki næg ástæða til fyrir þá sök að ónýta málið.

Það er með eigin játningu hins ákærða, sem er kominn langt yfir lögdalur sakamanna, og eigi hefur áður verið dæmdur fyrir neitt lagabrot, sannað, að hann á vertíðinni 1890 tók 5 nýjar ýsur niður við sjó framundan bænum Söndu í Stokkseyrarhverfi og árið 1891 4 hertar ýsur úr hlaða á sama stað, án þess að hann vissi hver þær átti; ýsurnar hagnýtti hann sjer heima fyrir. Þá hefur hann játað, að hann haustið 1891 hafi fleytt lýsi á 1 flösku ofan af grútarílátum, er stóðu niður undir sjó fyrir austan bæinn Íragerði; átti hann sjálfur part í grútnum; grútnum var seinna hellt niður sem gagnslausum. Þetta athæfi hans virðist ekki saknæmt. Þá hefur hinn ákærði játað, að hann, er hann fyrir allmörgum árum bjó í Vettleifsholtshverfinu í Rangárvallasýslu, hafi tekið 3 hnappheldur af hestum, er komu í engjar hans og sem hann ekki vissi hver átti. Að því er þessa hnappheldatöku snertir, verður ekki sjeð, að hann hafi ætlað að slá eign sinni á þær heldur má ætla, að hann hafi gjört það til þess að reka ekki hestana úr engjunum í höptunum. Verður þetta því ekki skoðað sem þjófnaður nje yfirhöfuð, eptir því sem upplýst er, látið varða ákærða hegningar, og svo er og um hrífutöku þá, sem ákærði hefur um getið. Loks hefur ákærði játað upp á sig, að hann hafi tekið unna hellu á 1 hest úti í holti í Vettleifsholtshverfi, og notað hana í þak á fjárhús; hellan hefur verið metin 50 auru, og virðist taka hans á henni vera þess eðlis, að hún ekki verði gefin honum að sök í þessu máli, með því að eigandi hennar, hver sem hann hefur verið, ekki hefur krafizt málssóknar gegn honum fyrir.

Hin 2 fyrstnefndu brot ákærða eiga undir 230 gr. almennra hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin af hjeradsdóm-aranum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og með því að yfirdómurinn einnig verður að fallast á ákvæði hjeradsdómsins, að því til sakarkostnaðar og málsvarnarlauna kemur, þá ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Hinn ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningislaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Þess skal getið, að ákærði hefur verið hafður all- lengi og eptir atvikum — að því virðist — óþarflega lengi í varðhaldi. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjerði verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfir- dóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærði Sig- urður Bjarnason á að greiða allan af áfrýjun máls- ins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningis- laun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálflytningismannanna Lárusar Bjarna- son og Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðfær að lögum.